


27. janúar 2005

Ný þjóðhagsspá - aðhaldsöm hagstjórn

Í nýrri skýrslu efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins „[Úr þjóðarbúskapnum](#)“ er fjallað um framvindu og horfur efnahagsmála árin 2004 -2006. Helstu niðurstöður eru að hagvöxtur árið 2004 var um 5,8%. Í ár er spáð að hagvöxtur verði 5,5% og 4,7% á næsta ári. Meginþungi stóriðjuframkvæmda fellur til í ár og á næst ári vegna stækkunar við Norðurál og hröðun stóriðjuframkvæmda. Greiðari aðgangur að ódýrara lánsfé hefur áhrif til að auka einkaneysluna, sem er spáð að vaxi í heild jafn mikið og í síðustu uppsveiflu. Óhjákvæmileg afleiðing af mikilli aukningu þjóðarútgjalda er vaxandi viðskiptahalli fram til ársins 2006. Eftir það er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn dragist hratt saman og nálgist um 2% af landsframleiðslu árið 2010.

Efnahagstjórnin verður aðhaldssöm á meðan framkvæmdirnar eru í hámarki. Gert er ráð fyrir að stýrivextir hækki í 9,5% og að aðhald í opinberum búskap verði umtalsvert þrátt fyrir lækkan tekjuskatts um 1% árin 2005 og 2006 bæði árin. Síðan mun megin þungi skattalékkana falla til á árinu 2007 þegar verulega dregur úr stóriðjuframkvæmdum. Aðhaldið felst í því að vöxtur samneyslunnar er takmarkaður við 2% á ári og miklum samdrætti í opinberum fjárfestingum. Reiknað er með að aukið aðhald skili sér í afkomubata sem er metinn á um 3% af landsframleiðslu árin 2004 og 2005.

Framleiðslu- og vinnumarkaðsspenna og verðbólga



Auk hagsstjórnar, mun sveigjanleiki hagkerfisins styðja við aukna framleiðni og draga þannig úr verðbólguþrýstingi. Alþjóðavæðing efnahagslífsins hefur einnig áhrif til að draga úr spennu á mörkuðum með greiðari aðflutningi erlendra aðfanga og vinnuafis í uppsveiflunni. Spáð er að framleiðsluspenna verði því hófleg á næstu árum og minnki síðan í kjölfar mestu framkvæmdanna.

Verðbólgu er spáð þannig að hún haldist innan þolmarka verðbólguþrýstingar og verða 3,2% í ár og 3,5% á næsta ári, m.v. breytingu á milli ára. Einnig er spáð að atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla muni lækka úr 2,8% að meðaltali í ár í rúm 2% árið 2006.

Afkomuhorfur í sjávarútvegi – stendur af sér öldurót

Fjármálaráðuneytið hefur birt samhlíða þjóðhagsspá mat á afkomuhorfum í sjávarútvegi í undanföllum skýrslum. Afkomumatíð byggir á framreikningi á rekstri greinarinnar frá 2003 sem er ný samantekt frá Hagstofu Íslands. Afkoma sjávarútvegs á árinu 2003 var töluvert betri en framreikningur ráðuneytisins gaf til kynna. Þessi útkoma virðist sýna að greinin getur aðlagast með skjótum hætti þegar rekstrarskilyrði versna, en þess ber að geta að gengi íslensku krónunnar hækkaði um 6%, erlent verð sjávarafurða lækkaði um 5%

og framleiðslan dróst saman um ½% árið 2003. Samkvæmt samantekt Hagstofunnar var vergur hagnaður (EBITDA) um 21% af tekjum í stað tæplega 16% eins og ráðuneytið hafði áætlað með hlidsjón meðal annars af framangreindum rekstrarskilyrðum. Munurinn er enn meiri þegar um er að ræða hreinan hagnað fyrir beina skatta en þar munar miklu um nýtt mat Hagstofunnar á svonefndri árgreiðslu sem lækkar um 2 ma.kr. milli 2002 og 2003.

Afkoma sjávarútvegs, ma.kr.

| Milljarðar króna | Áætlun | | | |
|------------------------------|--------|-------|-------|-------|
| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
| Tekjur | 125,3 | 112,1 | 116,7 | 124,5 |
| Rekstrargjöld | 98,1 | 88,5 | 96,6 | 103,4 |
| Vergur hagnaður | 27,2 | 23,6 | 20,1 | 21,1 |
| % af tekjum | 21,7 | 21 | 17,2 | 16,9 |
| Árgreiðsla (6%) | 14,4 | 12,3 | 12,7 | 13,2 |
| Hreinn hagnaður fyrir skatta | 12,8 | 11,2 | 7,3 | 7,9 |
| % af tekjum | 10,2 | 10 | 6,3 | 6,4 |

Heimild: Hagstofa Íslands fyrir 2002 og 2003

Helstu forsendur framreiknings

| Breyting frá fyrra ári, % | 2004 | 2005 |
|---------------------------------|------|------|
| Magn | 7,0 | 3,0 |
| Afurðaverð erlendis | 0,5 | 5,0 |
| Fiskverð innanlands | -5,0 | 3,7 |
| Útflutningsgengi sjávarafurða * | -3,2 | -1,3 |
| Laun | 4,5 | 5,5 |
| Olíuverð erlendis | 31,0 | -5,0 |
| Innlent verðlag | 3,2 | 3,2 |

*Mínus tala gefur til kynna hækkan á gengi íslensku krónunnar.

Í framreikningum er gert ráð fyrir að hagnaður sjávarútvegs verði nokkru lakari eða rúmlega 6% af tekjum árin 2004 og 2005 samanborið við 10% árin 2002 og 2003. Einnig ber að taka fram að ekki er búið að reiknað með veiðigjaldi sem gæti leitt til þess að hagnaðurinn lækkaði á bilinu 1-1,5 ma.kr. hvort árið fyrir sig 2004 og 2005. Í sögulegu ljósi getur greinin vel við unað ef þessi áætlun gengur eftir. Í framangreindum framreikningum er stuðst í megin atriðum við sömu forsendur varðandi magn- og verðbreytingar sem liggja að baki síðustu þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins.

Eignarhlutir ríkisins í félögum

Fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi [svar við fyrirspurn](#) um eignarhluti ríkisins í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Spurt var í hvaða félögum íslenska ríkið, ríkisstofnanir og sjóðir í eigu ríkisins séu hluthafar og hversu mikill eignarhluturinn sé í hverju félagi. Í svarinu eru alls listuð 208 félög. Hluti þeirra er þó nefndur til sögunnar oftar en einu sinni þar sem fleiri en einn framangreindra aðila á í nokkrum tilvikum eignarhlut í sama félagi. Að teknu tilliti til þessa eru félögin 179 talsins. Ástæða er til að benda á að stærstur hluti þessara eignarhluta er í eigu tveggja sjóða í C hluta sem sérstaklega er fengið það hlutverk lögum samkvæmt að fjárfesta í félögum. Þannig er Byggingastofnun skráð fyrir eignarhlutum í 78 félögum og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fyrir eignarhlutum í 65 félögum. Þá eiga rannsóknarstofnanir sem til þess hafa fengið lagaheimild eignarhluti í nokkrum félögum sem tengjast starfsemi þeirra. Loks skal nefnt að ríkisfyrirtæki sem breytt hefur í hlutafélög teljast nú félög í eigu ríkisins.

| Tekjur ríkissjóðs jan-nóvember | | |
|--------------------------------|-----------|-----------|
| 12 mánaða breytingar, % | 2002-2003 | 2003-2004 |
| Skatttekjur alls | 7,6 | 13,7 |
| Skattar á tekjur og hagnað | 7,7 | 17,0 |
| Tryggingagjöld | 11,0 | 10,3 |
| Eignarskattar | -21,8 | 44,2 |
| Veltuskattar | 9,7 | 12,7 |
| Tekjur alls | 11,1 | 8,0 |

| Gjöld ríkissjóðs jan-nóvember | | |
|-------------------------------|-----------|-----------|
| 12 mánaða breytingar, % | 2002-2003 | 2003-2004 |
| Almenn mál | 1,7 | 8,2 |
| Félagsmál | 11,8 | 9,2 |
| Atvinnumál | 15,6 | 1,9 |
| Vaxtagjöld | -23,3 | -6,1 |
| Önnur útgjöld | 13,9 | 6,0 |
| Gjöld alls | 8,6 | 6,9 |

| Afkoma ríkissjóðs jan-nóvember | | |
|--------------------------------|---------|---------|
| M.kr. | 2003 | 2004 |
| Handbært fé frá rekstri | -22.687 | -8.177 |
| Hr. lánsfjárfjöfnuður | -1.631 | 9.557 |
| Afborgun lána | -30.666 | -32.321 |
| Br. lánsfjárfjöfnuður | -39.172 | -29.639 |
| Lántökur | 39.087 | 27.567 |
| Greiðsluafkoma | -86 | -2.072 |

| Ýmsar hagtölur | | |
|---------------------------|------|------|
| 12 mánaða breytingar, % | 2003 | 2004 |
| Verðbólga - janúar 2005 | 2,4 | 4,0 |
| Kjarnaverðb. 1- jan. 2005 | 2,7 | 4,0 |
| Launavísitala - desember | 5,4 | 6,0 |
| Heildarvelta janúar-okt. | 0,4 | 9,7 |
| Smá.velta janúar-okt | 1,3 | 4,5 |
| Atvinnuleysi - desember | 3,1 | 2,7 |